

Fundargerð fræðsluráðs

168. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 10. febrúar kl. 15 haldinn í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Húnaþings vestra mætir kl. 15:05 á fundinn. Farið yfir starfsemi skólans, nemendafjölda o.fl.
2. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans og Eiríkur Steinarsson stjórnandi eineltisteymis grunnskólans mæta á fundinn kl. 15:30. Eineltismál rædd.

Afgreiðslur:

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Húnaþings vestra gerði grein fyrir starfsemi skólans. 111 skráningar eru á vorönn, 102 nemendur, þar af 13 í leikskóla, 72 í grunnskóla, 4 nemendur úr dreifnáminu og nemendur tónlistarskólans eldri en 18 ára eru 13. Skólastjóri lýsir yfir áhyggjum sínum vegna þess hversu hröð umferð er framhjá tónlistarskólanum og biður akandi vegfarendur að gæta varúðar í nágrenni skólans. Mikil ánægja sinni með samstarf við leikskólann og það tónlistarstarf sem boðið er upp á þar. Farið verður í Nótuna 11. mars, 14 nemendur fara með þrjú atriði. Tónlistardagurinn verður haldinn í mars. Mikil gróska er í söngnámi og tónlistarstarfi innan skólans. Fræðsluráð fagnar árangsríku starfi tónlistarskólans og hvetur starfsfólk skólans áfram á sömu braut.
2. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans, Eiríkur Steinarsson formaður eineltisteymis skólans, Laura Ann Howser fulltrúi kennara og Júlíus Guðni Antonsson fulltrúi foreldra mæta á fundinn. Sigurður Þór gerði grein vinnu við úttekt í eineltismálum. Þorlákur Helgason framkvæmdastjóri Olwesuarverkefnisins er að fylgja eftir ákveðnum málum og verkferlum í skólanum. Sett var upp áætlun varðandi breytingaferli og verið er að fara yfir handbókina. Stefnt er að samstarfi milli nokkurra aðila sem vinna með börnum og unglingum til að fá heildstæðari mynd af því hvar þörf er á aðgerðum. Gerð var árleg eineltiskönnun sem Þorlákur mun fara yfir. Eineltisteymið hefur verið

gert virkara varðandi forvarnarstarf. Eiríkur formaður eineltisteymisins og Ólöf aðstoðarskólastjóri fóru sl. haust á námskeiðið „Erfið samskipti stúlkna – leiðir til lausna“ Eiríkur segir það hafa verið mjög gagnlegt og núna er í gangi vinna í skólanum sem byggð er á efni námskeiðsins og kallast verkefnið „Sterkar stelpur“. Skólastjóri segir úttektina á verkferlum í eineltismálum hafa verið mjög til bóta og margt verið skoðað í því sambandi. Skólastjóri kynnti drög að skóladagatali. Fyrirspurn kom vegna starfsdaga í nóvember sl. sem allmargir starfsmenn skólans nýttu til skemmtiferðar en skólastjóri svaraði því til að kennarar hafi unnið þá daga af sér en vinnuskylda var lækkuð og jöfnuð út hjá öðrum starfsmönnum skólans. Fræðsluráð fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið innan skólans á undanförunum mánuðum og sérstaklega verkefninu „Sterkar stelpur“.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:38

Magnús Magnússon

Esther Hermannsdóttir

G. Kristín Ólafsdóttir

Sigrún Waage

Ingibjörg Auðunsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson